

Skipulagsstofnun  
Egill Þórarinsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 19. janúar 2018  
UST201712-208/B.S.  
10.04.03

**Efni: Deiliskipulag – Matsskyldufyrirspurn. Skíðalyfta – Tindastóll. Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 21. desember 2017 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag og jafnframt óskað eftir álti Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða uppbyggingu á núverandi skíðasvæði. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er allt á fjarsvæði vatnsverndar, en hluti Suðurlyftu og smá skák af braut Efrilyftu eru innan grannsvæðis vatnsverndar.


Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif umræddrar framkvæmdar gætu varðað áhrif á vatnsvernd og aukin sjónræn áhrif vegna stærri mannvirkja.

Fram kemur í greinargerð að við framkvæmdir á skíðasvæðinu og síðar á rekstrartíma verði unnið eftir verklagi sem miðar að því að draga úr líkum á mögulegum mengunaróhöppum. Varðandi áhrif á landslag er að mati Umhverfisstofnunar um framkvæmdir að ræða sem eru að mestu afturkræfar og eru viðbót við þau áhrif sem þegar eru fyrir hendi á nýverandi skíðasvæði.

Umhverfisstofnun telur að ef framkvæmdin og rekstur verða með þeim hætti sem ráðgert er ætti hætta á mengunaslysum að vera óveruleg. Hins vegar telur Umhverfisstofnun að kanna eigi hvort koma ætti fyrir salernisaðstöðu við stjórnhus Suðurlyftu í ljósi þess að húsið er innan grannsvæðis vatnsverndar.

Með hliðsjón af ofangreindum atriðum telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Agnar Bragi Bragason  
Teymisstjóri